

10/6/2015

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	12.06.2015
Málalykill	9.33
Mál nr.	1502269

Til: Skipulagsstjóra Garðabæjar

Frá: Stjórn Húsfélagsins Löngulínu 2, Garðabæ


Efni: Athugasemdir við Breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda, Sjálandsskóli dags 13 05 2015

Skipulagsstjóri Garðabæjar hefur með auglýsingu um deiliskipulag í Garðabæ, dags. 13.05.2015 kynnt breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda og tekur breytingin til Sjálandsskóla. Annars vegar er um að ræða stækkun á skólalóð sem nemur íbúðarhúslóðinni að Ránargrund 3 og hins vegar breytingu á aðkomu bifreiða að skólanum við Löngulínu. Það er síðari hluti breytingartillögunnar sem Hússtjórn vill gera athugasemdir við.

Í tillögunni segir meðal annars: „Við Löngulínu er gert ráð fyrir bílaaðkomu með einstefnu og fimm skammtímbílastæðum og að auki tveimur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða.“

Í núverandi skipulagi eru auðkennd 10 bílastæði meðfram Löngulínu auk 2ja stæða fyrir hreyfihamlaða. Auk þess er að jafnaði 4 til 5 bílum lagt ólöglega innan skólalóðarinnar. Þá er afar mikið um það að gestir Sjálandsskóla leggi bílum sínum í merkt einkastæði okkar við Löngulínu 2. Hússtjórn hefur ítrekað vakið athygli skólayfirvalda og bæjaryfirvalda á þessu vandamáli og stuggað við þessum óboðnu gestum með límmiðum og vinsamlegum ábendingum.

Með þeirri skipulagstillögu sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir fækkun auðkenndra bílastæða skólans við Löngulínu um 5 þrátt fyrir mikla ásókn í bílastæði á þessu svæði. Auk þess virðist réttilega vera þrengt að möguleikum gesta á því að leggja ólöglega innan lóðarmarka skólans þannig að fækkun stæða í reynd gæti verið 9-10. Svo gæti virst sem skipulagsyfirvöld í Garðabæ hafi að fyrirmynd bílastæðastefnu vinstri stjórnarinnar í Reykjavík. Því verður ekki trúað að óreyndu.



Meðfylgjandi mynd sýnir þau bílastæði sem um ræðir og er dæmigerð fyrir ástand mála. Fremst eru bílastæði Löngulínu 2. Lagt er í hvert stæði og þar á meðal eru nokkrir óboðnir gestir sem tilheyra skólanum. Meðfram Lönglínu hefur verið lagt 16 bílum löglega og ólöglega. Samkvæmt nýjum skiplagstillögum eiga nú að verða þarna 5 skammtímastæði og 2 fyrir hreyfihlaða.

Nái þessi breyting fram að ganga hlýtur óboðnum gestum enn að fjölga á bílastæðum okkar, íbúa að Löngulínu 2. Breytingin er því með öllu óásættanleg nema eitthvað annað komi á móti.

Í þessu sambandi er nærtækt að minna á að á árinu 2013 setti bærinn upp girðingu meðfram bílastæðum við Strikið 2-12 gengt Sjálandsskóla og liggur Langalína þó þar á milli. Bílastæði fyrir Löngulínu 2 liggja að lóðarmörkum Sjálandsskóla og því er enn frekar ástæða til þess að afmarka okkar lóð og lóð Sjálandsskóla. Hússtjórn Löngulínu 2 vill því ítreka þá ósk sem fram kemur í bréfi formanns Hússtjórnar til bæjarstjóra 10. apríl 2013, sjá *Fylgiskjal 1*, t.l. 2. Þar er þess farið á leit við bæjaryfirvöld að þau afmarki okkar lóðarmörk með sama hætti og gert var við Strikið 2-12. Raunar væri æskilegast að afmarka þessi lóðarmörk með limgerði ca 1 metra breiðu sem gengi að jöfnu yfir lóð skólans og Löngulínu 2. Limgerðið mundi stórum bæta ásýnd skólans og Löngulínu 2 og yrði mótvægi við ásókn malbiks og steinsteypu í þessum nýju deiliskipulagstillögum. Limgerðið færi einnig betur við grænan umhverfisfána Sjálandsskóla en dökkt malbikið.

Hússtjórn Löngulínu 2 væntir þess að bæjaryfirvöld samþykki þessar tillögur Hússtjórnar og komi þeim í framkvæmd.


Hússtjórn vill að síðustu minna á þær þarflegu ábendingar sem fram koma í áður nefndu bréfi formanns Hússtjórnar frá apríl 2013. Fæstar af þeim hafa enn komið til framkvæmda og er því rík ástæða til þess að ítreka þær.

Með bestu kveðjum,


Stjórn Húsfélagsins Löngulínu 2



Pétur Kristinnsson, formaður



Þórhildur Árnadóttir,
varaformaður



Gamalíel Sveinsson,
ritari

Fylgiskjal: Bréf formanns Hússtjórnar Löngulínu 2 til bæjarstjóra 10. apríl 2013.

Afrit sent Bæjarstjóranum í Garðabæ

Garðabæ, 10. Apríl 2013

Heill og sæll, bæjarstjóri.

Vísa til fyrri samtala við þig og bæjarverkfræðinginn varandi ýmis frágangsmál kringum hús okkar að Löngulínu 2.


1. Graseyjan á milli garðsveggjar blokkarinnar annars vegar og Vífilsstaðavegar/Löngulínu hins vegar er ekki bænum okkar til sóma og uppfyllir ekki þann Garðabæjarstíl sem við annars hælum okkur af. Fyrir tveimur árum var sáð í þetta einhverju illgresi og uppkom mikið arfaflag sem ljótt er ásýndum og er nú útjaskað eftir átroðning bíla sem þar hafa álpast út af. Óskir okkar í húsfélaginu eru þær að þessu arfaflagi verði mokað burt og í stað þess komið fyrir steinabeði með mól og stórum steinum með tré og runnum í bland. Þetta ættu umhverfisstjóri og garðyrkjustjóri bæjarins að hanna og taka þá einnig til hönnunar í sama stíl hitt hornið sem afmarkar hina óbyggðu lóð við hlið Hjúkrunaheimilisins. Hér er um að ræða aðalinngang inn í Sjáland, frontinn á okkar nýja og glæsilega hverfi sem sómi þarf að vera af. Aldrei að vita nema að við íbúarnir beitum okkur fyrir söfnun fyrir einni Hafmeyjarstyttu sen sett yrði á stóran stein við innkeyrluna í Löngulínu !
2. Fyrir stuttu setti bærinn upp girðingu meðfram bílastæðum við Strikið 2 - 12, gengt Sjálandsskóla, (er græni liturinn á girðingunni vísbending um það sem koma skal ? !) til að reyna að útiloka að starfsfólk og gestir Sjálandsskóla noti þau bílastæði – þó þarna sé yfir Löngulínu og trjárúnna að fara. Bílastæði fyrir Löngulínu 2 liggja að lóðarmörkum Sjálandsskóla sem er nú afmörkuð með smásteinum – og þrátt fyrir kosnaðarsamar merkingar um einkastæði, umburðarbréf til skólastjórneda og annara aðila innan skólans um að hlífa okkar bílastæðum og nota heldur bílastæði skólans austan hans – hefur það lítinn árangur borið. Af þessum sökum förum við fram á að bærinn setji upp samskonar girðingu á okkar lóðarmörkum (Hvað með gráan eða bláan lit ?) og afmarki betur með steinkanti eða eyju þar sem Langalína og bílastæðin mætast
3. Aðal yndi umhverfis okkar er bæjarlækurinn, Vífilsstaða- og Hraunholtslækurinn, sem rennur með fram blokkinni með sitt lækjartíf á lygnum degi. Sá böggull fylgir þó skammrifi að umhverfi hans er ekki okkur til sóma og ber þar að nefna frágang kringum stálrörið sem lækurinn rennur í gegn undir Vífilsstaðarveginn, árbakkinn okkar megin þar fyrir neðan sem krakkar úr Sjálandsskóla hafa rutt úr níður í árfarveginn og svo rusl sem í læknum er. Þessu má kippa í lag með góðum vilja og er ég með tillögur í þeim efnum sem ég vildi ræða við framkvæmdaaðila.
4. Aðalal nær-útsýni úr stofugluggum okkar í blokkinni er Sjálandsskólinn og umhverfi hans með leiktækjum og börnum að leik – og er það vel. Umhirða þessa leiksvæða

mætti vera betri og má þar nefna gras-sparkvöll sem nú er orðinn að moldarflagi, grashólar sem stefna í sömu átt svo og hænsnakofinn (ég sakna hanans !) og matjurtareitir sem mættu fá betri umhirðu og málun. Stór og þungur vega-salts-pallur er við lóðarmörk okkar sem framkallar mikla skelli og hávaða auk þess sem ætla má að í honum felist slysagilda verði börn þar undir. Víða umhverfis Sjálandsskóla hefur sandur og mól borizt út á göngustíga sem auðvelt er að laga með sóp í hendi.

5. Nú er byggingu og frágangi lóðar Hjúkrunarheimilisins lokið – og er þar allur frágangur bænum til sóma. Hin óbyggða lóð við hliðina, gengt okkar blokk hinum megin við Löngulínu, veldur okkur nokkrum óþægindum. Þar eru vinnuskúrar, hjólhýsi og allavega tæki og tól á víð og dreif um svæðið auk þess sem mold og mól er keyrð þarna fram og til baka sem veldur miklu áfoki inn í íbúðir okkar. Bílar og stórtukkar aka þarna inn og út, bæði inn frá á Löngulínu og Strikinu, þó að skipulag sýni að innkeyrsla inn á svæðið sé frá Strikinu. Óskað er eftir því að þetta svæði verði betur girt af með innkeyrsluhlið frá Strikinu og að gengið verði frá göngustíg og hljóðmön meðfram Löngulínu og hinnar óbyggðu lóðar, sbr. lið 1 hér að framan. Æskilegast er þó af öllu að þessi lóð verð byggð sem fyrst – og þá innan þeirrar girðingar og með innkeyrslu eins og áður er nefnt.
6. Varandi bílastæðamál almennt við Sjálandsskóla er nokkuð ljóst að þar hafa átt sér stað ákveðin hönnunar- og skipulagsmistök með því að hafa aðalinngang og aðalaðkeyrslu að skólanum frá Löngulínu í stað þess að beina allri umferðinni austan megin við skólann – þar sem þó nær öll bílastæði skólans eru; en allt of langt frá skólanum svo að þau séu vel nýtt eins og dæmin sanna. Bærinn og skólastjórnendur vera að finna lausn á þessum vanda með því að breyta þessu skipulagi, setja upp skilti sem vísar veginn austur á bílastæðin o.s.f.v. Sú mikla umferð sem stafar frá skólanum frá morgni langt fram á kvöld kallar á það. Ljóst er að sú stefna að hafa frjálst skólaval kallar á þessa miklu umferð – því ef Sjálandsskóli væri aðeins hverfis-skóli mundi maður ætla að börnin kæmu gangandi í skólann – eða hvað ?

Ég er reiðubúinn til skrafs og ráðlegginga um framangreind atriði hvenær sem er og vænti jákvæðra undrertekta frá bæjarstjóranum og hans sýslunarmönnum á þessu sviði. Þess má geta að húsið Langalína 2 er 6 hæða blokk sem skiptist í þrjú stigahús, A, B og C, og eru þar 48 íbúðir samtals.

Með vinsemd og virðingu,



Pétur Kristinsson

Formaður Hússtjórnar

Löngulínu 2

P.s: Afrit af bréfi þessu sent til bæjarverkfræðingsins.